

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um ráðgjöf og störf við tímabundin eða afmörkuð verkefni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra fengið til starfa, tímabundið eða á grundvelli verksamnings, sérfræðinga eða aðra aðila til að veita ráðgjöf, sinna sérverkefnum eða verkefnastjórnun í einstökum verkefnum frá því að núverandi ríkisstjórn tók til starfa? Ef svo er, hvaða aðilar eru það, hverjar hafa greiðslur til þeirra verið og hver er lýsing á verkefnum þeirra?

Frá því að sitjandi ríkisstjórn tók við hefur forsætisráðuneytið gert verksamninga um aðkeypta ráðgjöf, sérverkefni og verkefnisstjórn við eftirfarandi aðila:

1. *Goðhóll ráðgjöf ehf.* Undirbúningur og innleiðing á jafnlaunakerfi samkvæmt lögum nr. 56/2017. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 3.755.830 kr. frá ráðuneytinu fyrir ráðgjöf sína.
2. *Halla Gunnarsdóttir.* Ráðgjöf á sviði jafnréttismála og formennska í nefnd um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 6.859.000 kr. frá ráðuneytinu fyrir ráðgjöf sína.
3. *Gylfi Zoëga.* Gerð skýrslu um stöðu efnahagsmála í aðdraganda kjarasamninga. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 845.000 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
4. *Ásdís Káradóttir.* Gæðaeftirlit með yfirlestri stjórnarfrumvarpa frá ráðuneytum. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 208.000 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
5. *Kolbrún Halldórsdóttir, Akkúrat – Viðburðastjórnun slf.* Verkefnisstjórn vegna undirbúnings hátiðarhalsa 1. desember 2018 í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 7.500.000 kr. frá ráðuneytinu fyrir ráðgjöf sína.
6. *Landslög ehf., Jóhannes Karl Sveinsson.* Formennska í starfshópi um kjararáð. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 4.262.500 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
7. *Metadata ehf.* Sérfræðiráðgjöf við gerð vefreiknilíkans um tekjuþróun. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 5.475.615 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
8. *Analytica ehf.* Sérfræðiráðgjöf við gerð vefreiknilíkans um tekjuþróun. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 2.081.565 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
9. *Ríkiskaup.* Ráðgjöf við undirbúning útboðs á námuvinnsluréttindum í Lambafellsnámu og í Þjórsárdal. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 1.659.288 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
10. *EFLA verkfræðistofa.* Eftirlit með efnisvinnslu í Lambafellsnámu og við Bolaöldu. Hinn 8. október hafði verktakinn fengið greiddar 400.000 kr. frá ráðuneytinu fyrir vinnu sína.
11. *Eiríkur Jónsson.* Formennska í nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmíðla- og upplýsingafrelsис. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verkataks.

12. *Davið Þór Björgvinsson.* Ráðgjöf vegna ritunar greinargerðar af hálfu ríkislögmanns til Mannréttindadómstóls Evrópu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
13. *Logos slf.* Ráðgjöf vegna ritunar greinargerðar af hálfu ríkislögmanns til Mannréttindadómstóls Evrópu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
14. *Landslög ehf.* Aðstoð við samantekt skýrslu um ábendingar sem varða stjórnsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis (um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna og um Íbúðalánasjóð o.fl.) og um viðbrögð við þeim, sbr. skýrslubeiðni Alþingis þess efnis á 148. löggjafarþingi. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
15. *Kristrún Heimisdóttir.* Formennska í sáttanefnd vegna eftirmála sýknudóms Hæstaréttar Íslands í Guðmundar- og Geirfinnsmálín. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
16. *Jón Ólafsson.* Formennska í starfshópi um að efla traust á stjórnmalum og stjórnsýslu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
17. *Vilhjálmur Árnason.* Formennska í starfshópi forsætisráðherra um heilindi í vísindum. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
18. *Aagot Vigdís Óskarsdóttir.* Ráðgjöf til formanna stjórnmalaflokkanna vegna stjórnarskrárvinnu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
19. *Kristrún Heimisdóttir.* Ráðgjöf til formanna stjórnmalaflokkanna vegna stjórnarskrárvinnu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
20. *Ragnhildur Helgadóttir.* Ráðgjöf til formanna stjórmálaflokkanna vegna stjórnarskrárvinnu. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
21. *Huginn Freyr Þorsteinsson.* Formaður starfshóps forsætisráðherra um samantekt um fjórðu iðnbytinguna og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
22. *Lilja Dögg Jónsdóttir.* Sérfræðingur í starfshópi forsætisráðherra um samantekt um fjórðu iðnbytinguna og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
23. *Vitvélastofnun.* Vinna við samantekt um fjórðu iðnbytinguna og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Greiðslur hafa enn sem komið er ekki verið inntar af hendi til verktakans.
Ekki er í svarinu getið um aðkeypta þjónustu ráðningarfyrirtækja, tilfallandi aðkeypta fræðslu fyrir starfsfólk ráðuneytisins eða aðra tilfallandi þjónustu og ráðgjöf sem lýtur að rekstri ráðuneytisins og starfsmannahaldi.

Forsætisráðuneytið hefur ekki, í tið sitjandi ríkisstjórnar, gert tímabundna ráðningarsamninga við einstaklinga til að sinna ráðgjöf, sérverkefnum eða verkefnisstjórn.